





# Efnisyfirlit

|    |                                   |
|----|-----------------------------------|
| 7  | Inngangur                         |
| 11 | Við erum öll í orkuskiptum        |
| 27 | Orku- og veitumál eru efnahagsmál |
| 49 | Orkuöryggi til framtíðar          |
| 61 | Snjöll og skilvirk stjórnsýsla    |
| 77 | Leyndu lífsgæðin                  |

# Orka er súrefni atvinnulífs og lífsgæða

Ísland er í einstakri stöðu meðal ríkja heims. Landið býr yfir náttúruauðlindum sem með skynsamri og ábyrgri nýtingu geta tryggt orkusjálfstæði, orkuöryggi, efnahagslega velsæld og græna framtíð þjóðarinnar.

Við búum yfir langri og farsælli reynslu af nýtingu auðlinda landsins, vel menntuðu starfsfólki og kröftugum orku- og veitufyrirtækjum sem vinna ötullega að innviðum framtíðarinnar.

Orka er grundvallarforsenda blómlegrar atvinnustarfsemi sem án orku fær ekki þrifist. Næg græn orka þarf að vera til staðar á Íslandi á samkeppnishæfu verði til að iðnaður og heimili geti byggt upp starfsemi sína og skapað tækifæri fyrir land og þjóð.


Öflug veitukerfi tryggja lífsgæði. Flutnings- og dreifkerfi raforku um allt land leggja grunn að hagkvæmu og orkunýtnu orkukerfi.

- Við erum stolt af því að orkuvinnsla á Íslandi er 100% sjálfbær. Það er ekki sjálfsgefið.
- Við viljum að fólkið í landinu, heimili og fyrirtæki búi við orku- og veitukerfi í fremstu röð og njóti þeirra lífs-  
gæða sem fylgja orkuöryggi og hagkvæmri sjálfbærri  
nýtingu innlendra auðlinda.
- Með samstilltu átaki getur Ísland orðið kolefnishlut-  
laust, knúið og kynt með grænni orku sem unnin er  
með sjálfbærum og ábyrgum hætti innanlands.



Við erum öll  
í orkuskiptum

- Á íslenskum heimilum eru þegar tæplega 30.000 rafbílar eða um 12% af fólksbílaflotanum
- Orkuskipti í sjávarútvegi eru hafin með notkun raforku í fiskibræðslum, auknum landtengingum og notkun græns eldsneytis á skip
- Hröð tækniþróun hefur gert atvinnulífinu kleift að fjárfesta í rafknúnum hópferðabílum og þyngri vörubifreiðum
- Nýjar atvinnugreinar byggjast nánast alfarið á grænni orku
- Metnaðarfull sveitarfélög gera nú þegar ráð fyrir grænni orkustarfsemi í sínum áætlunum
- Stjórnvöld styðja fjárhagslega við græn verkefni og vinna að því að einfalda leyfisveitingarferla



# Við erum öll í orkuskiptum

Markmið duga ekki ein og sér – aðgerðir þurfa að fylgja

Flest ríki heims hafa sett sér metnaðarfull markmið í loftslagsmálum. Ísland er þar enginn eftirbátur. Í Orkustefnu til 2050 segir að Ísland skuli verða óháð jarðefnaeldsneyti árið 2050 og reiða sig á innlenda orkugjafa. Markmið fráfarandi ríkisstjórnar hið sama fyrir árið 2040.

Til að ná því markmiði og tryggja orkusjálfstæði þjóðarinnar þarf að auka framboð af grænni raforku um 16-22 TWst samkvæmt raforkuspá Landsnets.

Árlega eru á Íslandi notuð milljón tonn af olíu fyrir samgöngur á landi, flug og skipin. Olíunotkun hefur aukist vegna skorts á raforku. Ólíklegt er að orkuskiptin verði að veruleika ef ekki verður aukið við framboð af grænni raforku.

Mikilvægt er að allt samfélagið taki höndum saman í því stóra verkefni sem orkuskiptin eru svo hægt verði að ná sameiginlegum markmiðum.

Fyrirtæki í orku- og veitustarfsemi eru á fullri ferð í orkuskiptum og að undirbúa samfélagið fyrir snjalla og græna orkuframtíð. Í því felast t.d. miklar fjárfestingar í innviðum sem nauðsynlegar eru til að orkuskiptin geti gengið í garð um allt land.


# Evrópa á fleygiferð í átt að orkuskiptum

Flestar nágrannapjóðir okkar búnar að móta sér stefnu í orkuskiptum og meta orkupörf vegna orkuskiptanna og hafa aukið raforkuframleiðslu

- Evrópusambandið hefur tilgreint 1 trilljón EUR í verkefni tengd grænni orkuöflun og orkuskiptum
- Raforkunotkun í ríkjum Evrópu mun á næstu 30 árum aukast fjórfalt við það sem hún jókst síðustu 30 ár
- Á árinu 2022 bætti Evrópa við uppsettu afli í vindorku sem nemur fimmföldu raforkukerfi Íslands (15 GW)
- Metin fjárfestingarþörf í flutnings- og dreifikerfi raforku í Evrópu er um 10.000 milljarðar kr. á ári til 2050. Það nemur um áttföldum tekjum ríkissjóðs Íslands á árinu 2024
- Noregur hefur á síðustu tíu árum bætt við grænni raforkuframleiðslu sem nemur 500 MW á ári hverju

Heimildir:  
Eurelectric og Ember – Global Energy Data Set


## Uppsett afl fyrir raforkuframleiðslu



## Hvað ætlar Ísland að gera?




# Hægst hefur á orkuskiptum á landi



707 tenglar fyrir hraðhleðslu

Hraða þarf uppbyggingu á hleðslu-innviðum eigi orkuskiptin að verða að veruleika

Nýskráningarlutfall fólksbíla



- Þrátt fyrir aukningu í nýskráningum rafbíla eru rafbílur einungis um 12% í umferð
- Hlutfall rafbíla í nýskráningum hefur lækkað úr 50% árið 2023 niður í 25% það sem af er árið 2024
- Orkuskipti þyngri hópferðabíla og vörubíla fara hægt af stað og einungis 7% nýrra sendi- og vörubifreiða árið 2024 eru knúnar rafmagni

# Sýn og skýr stefna stjórnvalda skiptir máli



- Tímasett markmið stjórnvalda um orkuskipti og kolefnishlutleysi skiptir máli.
- Framkvæmd orkuskiptanna fer fram í samfélaginu öllu og verður borin uppi af framsæknum fyrirtækjum og heimilum.
- Opinberar reglur þurfa að hvetja til orkuskipta og fjárhagslegan stuðning getur þurft við frumkvöðlaverkefni. Umgjörð skiptir öllu máli.
- Fylgja þarf eftir Orkustefnu til 2050 um orkusjálfstæði og nýtingu innlendra orkugjafa til orkuskipta.

# Orku- og veitufyrirtæki eru á fullri ferð í orkuskiptum

Tryggja þarf að mikilvægar framkvæmdir tefjist ekki vegna íþyngjandi leyfisveitingarferla eða þungrar stjórnsýslumeðferðar

Árangur Íslands í orkuskiptum byggist að mestu leyti á því að orkufyrirtækjum og dreifi- og flutningsveitum takist að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir

- Tryggja heimilum og fyrirtækjum í landinu aðgengi að öruggum, hagkvæmum og sjálfbærum orku- og veituinnaviðum og að þau búi við orkuöryggi og afhendingargæði í fremstu röð.
- Stjórnsýsla þarf að styðja við nýsköpun og þróun í orku- og veitustarfsemi til að finna bestu lausnirnar fyrir orkuskiptin, hringrásarhagkerfi og hagkvæman rekstur.
- Mikil tækifæri í tækniþróun og aukinni snjallvæðingu sem leiða til bættrar nýtingu innviða og skilvirkari og hagkvæmari reksturs innviða.



# Við erum öll í orkuskiptum!

- **Almenningur**

Greiða þarf fyrir tækifærum fyrir heimili að gerast virkir notendur með raforku og að hvatt sé til orkunýtni í húshitun á kaldari svæðum.

- **Stjórnsýsla**

Móta þarf skýra stefnu í orkuskiptum og halda áfram með styrkingu stofnana og einföldun leyfisveitinga á sviði orku- og veitumálefna.

- **Atvinnulíf**

Atvinnulífið er lagt af stað. Skýr lagarammi, réttir hvatar og langtíma fyrirsjáanleiki er grundvöllur þess að orkuskipti atvinnulífsins gerist hratt og örugglega.

- **Sveitarfélög**

Orkuskiptainviðir þurfa pláss í skipulagi og sveitarfélög þurfa að tryggja að ný orkuöflunarverkefni fái skilvirka umræðu og málsmeðferð. Fjölmörg uppbyggingartækifæri liggja hjá sveitarfélögum.

- **Eftirlitsstofnanir**

Eftirlitsstofnanir leika lykilhlutverk þegar kemur að framgangi orkuskiptanna. Tryggja þarf skýrt regluverk sem tekur mið af sérstöðu fjárfestinga fyrir orkuskipti í flutnings- og dreifikerfi raforku og setja skýrar reglur um raforkuviðskipti.



Orku- og veitumál  
eru efnahagsmál


# Aðgengi að grænni orku á samkeppnishæfu verði er undirstaða samkeppnishæfni atvinnulífs og lífskjara á Íslandi

- Orku- og veitustarfsemi er undirstaða íslensks samfélags.
- Ný verðmætasköpun og lífsgæði verða ekki til án grænnar orku.
- Skýrt og skilvirkt regluverk með virkum og gagnsæjum raforkumarkaði er lykillinn að aukinni hagsæld.





#### Skattspor auðlindagreina árið 2022



# Orku- og veitustarfsemi er ómissandi stoð í íslensku samfélagi


Árlegt skattspor orku- og veitustarfsemi er um 100 ma. kr. og væri margfalt herra ef afleidd verðmætasköpun væri talin með

Í orku- og veitugeiranum starfa um 1.800 manns víðsvegar um landið og voru meðallaun hæst allra atvinnugreina á tímabilinu 2018 – 2022.


Skattgreiðslur fyrirtækja í orku- og veitustarfsemi námu tæplega 6% af heildartekjum ríkissjóðs árið 2022.

Heimildir:  
Hagstofa Íslands, Intellecton


Verðmætasköpun og aukin lífsgæði verða ekki til án orku




En hagvöxtur undanfarinna ára hefur verið keyrður áfram af olíunotkun



Heimildir:  
Hagstofa Íslands, Orkustofnun





# Hófleg og fyrirsjáanleg skattlagning

Óvissa og íþyngjandi álögur gætu hamlað fjárfrekum fjárfestingum næstu ára

Mikil óvissa hefur ríkt um regluverk orkuvinnslu og leyfisveitingar undanfarin ár sem hefur skapað umhverfi sem dregur úr nýliðun og nýfjárfestingum. Auknar álögur á raforkuvinnslu gætu dregið úr fjárfestingum og það á sama tíma og ljóst er að orkuskiptin krefjast mikillar uppbyggingar í raforkuframleiðslu.

Opinberar stofnanir og sveitarfélög sem koma að leyfisveitingarferlum verða að hafa burði og starfsfólk til að fást við flókin verkefni sem oft á tíðum eru mjög skiptar skoðanir um.


Samorka hefur ekki gert efnislegar athugasemdir við að greidd séu hæfileg leyfisgjöld til þeirra stofnana sem afgreiða leyfi og hafa eftirlit með leyfisskyldum framkvæmdum. Í því samhengi er þó mikilvægt að gæta hófs og að öll gjaldtaka skili sér raunverulega í bættri þjónustu stofnana.

Þá þarf innheimta slíkra gjalda að vera gagnsæ og fyrirsjáanleg og liggja fyrir á hverju þau eru grundvölluð og hvernig þau eru nýtt. Tryggja þarf að þeir sem greiða slík gjöld hafi tækifæri á að veita stjórnvöldum aðhald og eftirlit með gjaldtöku.

### Mikilvæg framfaraskref

- Skattaumhverfi orkuframleiðslu þarf að vera fyrirsjáanlegt og hófsamt, styðja við nýfjárfestingar og nýliðun.
- Opinberar stofnanir og sveitarfélög sem koma að leyfisveitingarferlum þurfa að hafa getu til að fást við þau verkefni sem eru framundan.
- Hófleg gjaldtaka fyrir afgreiðslu leyfa er skynsamleg leið en þarf að skila sér í bættri þjónustu og auknum afköstum stofnana.





◆ 2018  
◆ 2019  
◆ 2020  
◆ 2021  
◆ 2022

Heimildir:  
Hagstofa Íslands, Intellecton

Árleg arðsemi fyrirtækja í orku- og veitustarfsemi er um 5%, samanborið við sjávarútveg (14%) og meðaltal viðskiptahagkerfisins (9%)

# Ábati ríkis og sveitarfélaga af orkuvinnslu er umtalsverður

Hófleg arðsemi orkufyrirtækjanna þýðir að svigrúm til aukinnar skattgreiðslu eru mjög takmörkuð

- **Skattspor orku- og veitueirans er um 100 milljarðar kr. á ári**  
Stærstur hluti skattgreiðslna fyrirtækja í orku- og veitustarfsemi renna til ríkisins. Umræða um stöðu sveitarfélaga ætti því að snúast um skiptingu tekna því svigrúm til aukinnar gjaldtöku er mjög takmarkað.
- **98 – 115 milljón kr. á ári**  
Áætlaður ávinningur sveitarfélags í gegnum fasteignagjöld af 150 MW vindorkugarði samkvæmt skýrslu Deloitte.

# Orkuöflun á undanhaldi

Uppbygging nýrra orkukosta hefur ekki haldið í við fólksfjölgun undanfarin ár


## Frá 2010 (árlegur vöxtur)



Orkuöflun hefur verið á undanhaldi undanfarin ár og vöxtur í raforkuframleiðslu hefur ekki haldið í við fólksfjölgun. Hagvöxtur undanfarinna ára hefur að miklu leyti verið knúinn áfram af olíu.


Nú er komin upp alvarleg staða í orkumálum þjóðarinnar og viðvarandi orkuskortur blasir við heimilum og atvinnulífi á Íslandi. Auka þarf orkuöflun svo hægt sé að ráðast í orkuskiptin og snúa við þróun í olíunotkun.

## Raforkuframleiðsla á mann



Heimildir:  
Hagstofa Íslands, Orkstofnun

Raforkuverð á Íslandi og Nordpool



Atvinnulíf á Íslandi hefur lengi búið við gott aðgengi að grænni orku á samkeppnishæfu verði og slæmar afleiðingar gætu orðið af viðvarandi orkuskorti.

Heimildir:  
Orkustofnun

# Samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og íslensks samfélags er í hættu

Vegna skerðinga og takmaðrar getu til afhendingu raforku verður samfélagið af miklum verðmætum í formi glataðra viðskiptatækifæra og útflutningstekna

- Glataðar útflutningstekjur vegna skerðinga á raforku námu um 14-17 ma. kr. fyrri hluta ársins 2024.
- Fjöldi verkefna kemst ekki á laggirnar vegna skorts á raforku en erfitt er að meta heildarverðmæti þeirra verkefna.

# Markaðir eru mikilvægir

Virkir markaðir finna jafnvægi, efla nýsköpun og auka samkeppnishæfni

Raforka er einstök vara og eðli hennar og raforkukerfanna krefst þess að á hverri sekúndu sé fullkomið jafnvægi í framboði og eftirspurn.

Verði ójafnvægi koma fram rekstrartruflanir og mikið tjón getur hlotist af. Þannig má segja að í viðskiptum með raforku séu virkir markaðir mikilvægari en fyrir nokkra aðra vöru. Virkir markaðir tryggja eins og hægt er að framboð og eftirspurn er jafnt öllum stundum og að framleidd orka fer aldrei til spillis.

Þannig nýtum við best þessa verðmætu auðlind og fullnægjum þörfum atvinnulífs og heimila á hverjum degi og hverri klukkustund.

Ísland á langa og farsæla reynslu af gerð langtímasamninga um raforku við stærri notendur. Langtímasamningar hafa lagt grunninn að þeim styrk og þeirri verðmætasköpun sem felst í íslenska raforkukerfinu og geta dregið úr verðsveiflum.

Langtímasamningar verða áfram að leika lykilhlutverk í að tryggja fjárhagslegan grundvöll nýrrar orkuöflunar, raforku til stærri notenda og iðnaðar á Íslandi.

Öflugt markaðsfyrirkomulag um heildsölumarkað raforku, með gagnsæi, upplýsingamiðlun og sanngjörnum háttætnisreglum mun tryggja hámarksnýtingu raforku á Íslandi og styðja við fyrirkomulag um langtímasamninga sem verið hefur hér við lýði með góðum árangri í áraraðir.




### Orku- og veitumál eru efnahagsmál

- Græn orka , flutnings- og dreifikerfi sem skila henni til notanda eru grundvöllur hagvaxtar í framtíðinni
- Vatns- hita og fráveitur eru grundvöllur blómlegrar atvinnustarfsemi og byggðar um allt land
- Langtímasamningar verða enn í lykilhlutverki í íslenska raforkukerfinu og munu halda áfram að tryggja stöðugleika í orkusæknum iðnaði og skapa grunn að atvinnu og byggð um land allt

- Öflugur og virkur heildsölumarkaður með raforku mun styðja við skynsamlega nýtingu á raforku á Íslandi, senda rétt verðmerki um hvar og hvenær er mest þörf á raforku og stuðla þannig að bættu raforkuöryggi og að raforka sé nýtt á hagkvæman hátt öllum stundum.
- Tryggja þarf öruggt og öflugt markaðsfyrirkomulag á heildsölumarkaði með raforku með innleiðingu á hátternisreglum
- Græn orköflun getur skilað sveitarfélögum umtalsverðar tekjum og skapað störf víða um landið



Orkuöryggi  
til framtíðar



# Sterk og snjöll flutnings- og dreifikerfi raforku

Snjallvædd framtíð eykur skilvirkni og bætir orkunýtni


- Fjárfestingar í rafveitum eru til langs tíma og því þarf fyrirsjáanleika og skýra stefnu stjórnvalda og eftirlitsaðila
- Snjallvæðing flutnings- og dreifikerfisins er lykilskref í orkuskiptunum og hagkvæmri uppbyggingu
- Heimila þarf hagkvæmar framsýnar fjárfestingar flutnings- og dreifiveitna sem taka mið að fyrirséðri raforkunotkun
- Tryggja þarf skilvirka stjórnsýslu orkumála til að fjalla um uppbyggingu flutnings- og dreifikerfa
- Efla þarf leyfisveitingarferla svo hægt sé að framkvæmda nauðsynlega uppbyggingu í tíma

# Raforkuöryggi er flókið hugtak sem ekki er búið að skilgreina vel

Mikill eðlismunur er á aðgerðum til varnar raforkuöryggi til skamms og lengri tíma


## Raforkuspá Landsnets til 2050

Heimildir:  
Landsnet



# Orkuskiptin kalla á miklar fjárfestingar í flutnings- og dreifikerfi raforku

Áætlaður fjárfestingarkostnaður í innviðum er 164 ma. kr. tímabilið 2024-2028



- Tryggja þarf heimilum og fyrirtækjum í landinu aðgengi að öruggum, hagkvæmum og sjálfbærum orku og veitunnviðum og að þau búi við orkuöryggi og afhendingargæði í fremstu röð.
- Styðja þarf við nýsköpun og þróun í orku- og veitustarfsemi til að finna bestu lausnirnar fyrir orkuskiptin, hringrásarhagkerfi og hagkvæman rekstur.
- Fjárfestingar vegna orkuskiptanna eru mjög frambungar og flutnings- og dreifiveitur þurfa rými til að ráðast í þær fjárfestingar




# Álag á dreifikerfi raforku tvöfaldast við full orkuskipti

Uppbygging þarf að byggja á snjallvæðingu  
og sjálfvirknivæðingu svo hægt sé að grípa þau  
tækifæri sem felast í virkum notendum

Svo orkuskipti í samgöngum á landi geti gengið í garð þarf að ráðast í miklar  
framkvæmdir í flutnings- og dreifikerfi raforku. Með aukinni snjallvæðingu og  
aðgerðum til álagsstýringar má draga verulega úr fjárfestingarþörfinni án þess  
að það komi niður á þjónustu við almenning eða gæðum kerfisins.

Afl vegna hleðslu rafbíls á heimili er um tvöfalt hærra  
en hæsta afl hefðbundinnar heimilisnotkunar

Rafhlaða meðal rafbíls geymir orku sem nemur  
orkuþörf heimilis í rúma viku










# Framsýn og snjallvædd dreifi- og flutningskerfi

## Hefðbundið raforkukerfi

Raforka flæðir í eina átt frá virkjunum til notanda í gegnum flutnings- og dreifikerfi raforku.



## Snjallt raforkukerfi

Stærstur hluti raforku framleiddur og fluttur til notanda á hefðbundin hátt en snjallvæddir innviðir auka skilvirkni.

- **Sveigjanleg notkun**  
Notendur geta hagað notkun sinni eftir því sem hagkvæmast er.
- **Virkir notendur**  
Notendur geta nýtt rafbíla og eigin framleiðslu til að selja inn á kerfið.
- **Þátttaka í álagsstýringu**  
Notendur geta fengið greitt fyrir að taka þátt í álagsstýringum.
- **Rekstraröryggi**  
Stafrænn rekstur og sjálfvirknivæðing stýttir viðbragðstíma og bætir kerfisstýringu.
- **Virkur viðskiptavettvangur**  
Aukin þátttaka notanda í markaðnum og skýrari verðmyndun raforku og kerfiskostnaðar.



Snjöll og  
skilvirk  
stjórnarsýsla

# Eyða þarf óvissu um regluverk og leyfisveitingar orkuframkvæmda

Skilvirkt og fyrirsjáanlegt regluverk er forsenda þess að hægt sé að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir í orku- og veitugeiranum

- Skilvirkari og einfaldari stjórnsýsla samanstendur af færri snertiflötum, stafrænni þróun og einni gátt leyfisveitinga fyrir framkvæmdaraðila.
- Flýta innleiðingu ESB tilskipananna RED II og RED III sem fjalla m.a. um skilvirkari leyfisveitingarferla.
- Skilvirkari stjórnsýsla eykur fjárfestingaröryggi og býr þar með til hvata til meiri fjárfestinga í orkutengdri starfsemi.
- Aukin skilvirkni opinberra stofnanna dregur úr kostnaði, bætir gagnsæi og tryggir betri rétt almennings.



# Mikil tækifæri felast í snjallari og skilvirkari stjórnsýslu

Einfaldara regluverk og skilvirkari stjórnsýsla dregur úr kostnaði hins opinbera og hvetur til fjárfestinga í orkutengdri starfsemi

Á næstu árum og áratugum hleypur fjárfestingarþörf við orkuskiptin á hundruðum ef ekki þúsundum milljarða króna. Ein meginforsenda þess að hægt sé að ráðast í dýrar og flóknar fjárfestingar er að regluverk og stjórnsýsluumhverfi sé skilvirkt og fyrirsjáanlegt.

Mikil óvissa hefur ríkt um regluverk orkuvinnslu og leyfisveitingar undanfarin ár sem hefur skapað umhverfi sem dregur úr nýliðun og nýfjárfestingum.

Aukin tækifæri felast í betri þjónustu með skilvirkari og einfaldari stjórnsýslu, færri snertiflötum og stafrænni þróun og lausnum. Ein gátt og einn snertiflötur framkvæmdaraðila við stjórnsýslu væri mjög til bóta til að einfalda og skýra ferla. Þannig gæti virkjunaraðili, umsagnaraðilar, leyfisveitendur (sveitarfélög og stofnanir) og þeir sem vilja koma að athugasemdum gert það á einum stað og í því sem næst einu ferli. Áætluð tímalína leyfisveitingarferlis þarf að liggja fyrir ásamt því hvenær stofnanir koma að málinu hverju sinni.

Mikilvægt er að öll sem vilja koma að athugasemdum eða umsögnum geti gert það á einum og sama staðnum. Ein stjórnsýslustofnun samræmir aðkomu opinberra aðila að ferlinu.

# Einfalt leyfisveitingaferli leiðir til:

- Hraðari orkuuppbyggingar til að mæta eftirspurn
- Aukið gagnsæi og betri réttur almennings til þátttöku
- Fjárfestingaöryggis sem leiðir til lægri fjármagnskostnaðar
- Hraðari orkuskipta í atvinnulífinu og sjálfbærrar þróunar
- Lægri kostnaðar fyrir hið opinbera
- Samkeppnishæfni gagnvart öðrum löndum

# Hraða þarf innleiðingu evrópskra reglna sem stuðla að skilvirkari leyfisveitingarferlum

Mikilvægt er hraða innleiðingu EES reglna um viðbrögð í loftslags- og orkumálum, svokallaðra RED II og RED III tilskipana (Renewable Energy Directive).

Í þeim er t.a.m. fjallað um mikilvægi skilvirkra leyfisveitingarferla, að umsækjendur hafi aðgang að einum tengilið við stjórnsýslu sem tryggi rétta málsmeðferð og málshraða, kveðið á um hámarkslengd leyfisveitingarferla o.s.frv.

Þá gera þær evrópsku reglur ráð fyrir svokölluðum hröðunarsvæðum. Þá eru fyrirfram skilgreind svæði þar sem hægt er að ganga út frá því að græn raforkuframleiðsla verði heimiluð og hægt að koma vinnslu á fót á skemmri tíma en nú er.

Þá er gert ráð fyrir því að á meðan unnið er í því að ná markmiðum Evrópuríkja í loftslagsmálum þá njóti endurnýjanleg orkuöflun forgangs við afgreiðslu stjórnsýslumála vegna brýnna almannahagsmuna.



# Tillögur að betra ferli leyfisveitinga

## 1. Samræming í stjórnsýslu

Einn samræmdur leyfisveitingarstaður, eða einn leyfisveitandi, einfaldar ferlið, dregur úr tvíverknaði og bætir yfirsýn yfir stöðu leyfisumsóknar.

## 2. Stytting tímafresta fyrir ákvarðanir

Með því að setja skýr tímamörk á afgreiðslutíma leyfa er hægt að tryggja að ferli tefjist ekki umfram það sem nauðsynlegt er. Þetta gæti falið í sér að stofnanir fái ákveðinn fjölda vikna til að taka afstöðu til umsókna.

## 3. Græn orkuöflun njóti forgangs í þágu brýnna almannahagsmuna

Forgangsroðun í afgreiðslu hjá stjórnsýslu og við mat á áhrifum og þörf á grænni orkuöflun njóti endurnýjanleg orkuöflun forgangs í þágu brýnna almannahagsmuna.

## 4. Rafræn og gagnsæ umsóknarferli

Með því að bjóða upp á rafræna umsóknarferla og rafrænt skjalaflæði verður einfaldara að fylgjast með ferlinu. Þetta getur líka bætt gagnsæi, þar sem umsækjendur geta séð stöðu sinna mála á hverjum tíma.

## 5. Forsamráð og almennt samráð við almenning og hagaðila á fyrri stigum

Í forsamráði umsækjanda og einnar stofnunar má skilgreina tímalínu leyfisveitingarferlis, þannig að skýrt liggi fyrir í upphafi hvaða stofnanir og aðilar koma að málinu hverju sinni og á hvaða tímapunkti. Mikilvægt er að samráð við almenning og hagaðila gerist snemma í ferlinu og þannig geti leyfisveiting farið hraðar fram. Þannig er hægt að greina og taka á álitamálum áður en þau verða að hindrun í síðari skrefum.

# Bæta þarf stjórnsýslu nýrrar orkuöflunar

Núverandi fyrirkomulag rammaáætlunar dregur úr samkeppni  
í orkuframleiðslu og hefur runnið sitt skeið

Upphafleg markmið laga um verndar- og orkunýtingaráætlun („rammaáætlun“) voru að setta mismunandi sjónarmið með því að leggja faglegt mat á hvaða orkukosti landsins eigi að nýta til að uppfylla þarfir samfélagsins fyrir orku og verðmætasköpun og hvaða orkukosti eigi að fara í vernd.

Rammaáætlun á rætur sínar að rekja til ársins 1999. Umgjörð og staða orkumála hér á landi sem erlendis er allt önnur en hún var þegar vinna hófst við 1. áfanga rammaáætlunar og grundvallarbreytingar hafa orðið í áherslum Íslands og annarra ríkja.

Eitt að meginmarkmiðum orkustefnu til ársins 2050 er að tryggja jafnvægi framboðs og eftirspurnar á orkumarkaði og þar með orkuöryggi. Framboð orku þarf að geta annað vaxandi eftirspurn vegna orkuskipta, tækniþróunar og fólksfjölgunar, sem og eðlilegrar þróunar fjölbreyttrar starfsemi um land allt. Þannig hafa ýmsar breytingar orðið í samfélaginu sem kalla á aukna uppbyggingu í grænni orku, frá því sem var um síðustu aldamót.

Ljóst er að markmiðin hafi ekki náðst og farsælast væri að lög um verndar- og orkunýtingaráætlun verði lögð af.



# Aðgerðir til bættrar umgjarðar nýrrar orkuöflunar:

- Orkustefna til 2050 verði leiðarljós við mótun atvinnu og byggðastefnu ásamt skuldbindingum Íslands í lofslagsmálum
- Trygg lagaumgjörð um virka orkumarkaði
- Rammaáætlun lögð niður
- Skilvirk og einföld stjórnsýsla
- Sveitarfélög hafi bæði frelsi og ábyrgð við að tryggja orkuöflun á víðtækum grunni um allt land
- Skýrt og fyrirsjáanlegt lagaumhverfi um umhverfi-vernd, skatta, gjöld og auðlindanýtingu



Leyndu  
lífsgæðin

# Vatns-, hita- og fráveitur, undirstaða lífsgæða á landinu

- Tryggja þarf skilvirkt rekstrarumhverfi vatnsveitna og heimila hógværa arðsemi af starfsemi
- Innleiðing ESB tilskipana þarf að taka tillit til sérstöðu Íslands
- Tryggja þarf vatnsvernd á viðkvæmum svæðum
- Jarðhitaleit hefur skilað góðum árangri og mikilvægt að haldið verði áfram að leita að jarðhita á köldum svæðum
- Staða veitna og innviða í skipulagsmálum þarf að vera skýr og veitufyrirtæki höfð með í ráðum í skipulagsvinnu

# Lífsgæði á Íslandi byggja á hita- og vatnsauðlindunum

Huga þarf að hagsmunum þessara lífснаuðsynlegu innviða



## Fjárfestingarpörf

Víða er mikil innviðaskuld í vatns-, hita- og fráveituinnviðum og mikilvægt að regluverk styðji við áframhaldandi uppbyggingu.



## Innleiðing ESB tilskipana

Ísland er mjög dreifbýlt og býr við ein bestu vatnsgæði í heiminum, taka þarf tillit til þeirrar sérstöðu við innleiðingu ESB tilskipana.



## Heimil arðsemi

Endurskoða þarf rekstrarumgjörð vatnsveitna svo sveitarélög geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu við rekstur þeirra.



## Vatnsvernd

Vatnsbólum stendur ógn af byggð, framkvæmdum og náttúruhamförum. Virða þarf mörk um vatnsverndarsvæði og skýra stefnu þarf um uppbyggingu og kortlagningu vatnsbóla.



## Hreinsun skólps á þéttbýlisstöðum

Mesti umhverfisávinningurinn felst í því að komið verði á hreinsun skólps fyrir alla þéttbýlisstaði. Áframhaldandi stuðning þarf til uppbyggingar fráveituinnviða. Fyrirsjáanleiki og skynsamar kröfur til hreinsunar er lykilatriði í málefnum fráveitna.



## Staða veituinnviða í skipulagi

Taka þarf aukið tillit til veituinnviða í skipulagsmálum svo hægt sé að koma í veg fyrir kostnaðarsamar fjárfestingar. Fjárfestingar í veituinnviðum eru til fjölda áratuga og mikill kostnaður fellur til ef grafa þarf upp og færa innviði.



## Höldum jarðhitaleit áfram

Þörf fyrir jarðhita eykst frá ört vaxandi samfélagi og auknum umsvifum atvinnulífs. Huga þarf að framtíðaráformum, orkunýtni og uppbyggingu hitaveitna um land allt.



Fráveitur



Vatnsveitur



Hitaveitur